



Stofnanasamningur

Heilbrigðisstofnunar Austurlands og Félags sjúkraþjálfara

1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Félags sjúkraþjálfara og Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félags sjúkraþjálfara hins vegar.

2. Gildissvið

Samningur þessi nær til starfsmanna Heilbrigðisstofnunar Austurlands sem eiga aðild að Félagi sjúkraþjálfara og njóta ráðningakjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags sjúkraþjálfara og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, sem var síðast breytt og framlengdur þann 3. apríl 2020.

3. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunar
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi
- launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna og gætt sé jafnræðis við ákvörðun launa

4. Starfaflokkun og röðun starfa

Röðun starfa í launaflokka miðast við að um viðvarandi/stöðugt verkvið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (ÍSTARF95) hafðar til hliðsjónar.

Röðun starfa í launaflokka gerir ráð fyrir meistaraþrófi í sjúkraþjálfun. Starfsmenn sem öðluðust starfsréttindi í sjúkraþjálfun eftir 4 ára nám, 240 ECTS einingar, raðast með sama hætti og sjúkraþjálfarar sem lokið hafa MS-prófi til starfsleyfis.

- Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni, skyldur og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HSA eða annars formlegs starfsskipulags við gerð samningsins.
- Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun í starfsauglýsingu umfram starfsréttindi sem sjúkraþjálfari í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokka (fl.) sem hér segir:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur.
- Klínísk meistaraþráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.
- Doktorsþráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.

Starfsflokkur	Launaflokkur
• Sjúkraþjálfari 1	lfl. 11
• Sjúkraþjálfari 2	lfl. 12
• Sjúkraþjálfari 3	lfl. 13
• Sjúkraþjálfari 4	lfl. 14
• Deildarstjóri	lfl. 16

Sjúkraþjálfari 1: Sjúkraþjálfari á fyrsta starfsári í faggreininni. Vinnur almenn störf sem sjúkraþjálfari undir leiðsögn reyndari sjúkraþjálfara. Vinnur samkvæmt skipulagi stofnunar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna.

Sjúkraþjálfari 2: Sjúkraþjálfari eftir a.m.k. eitt ár í faggreininni. Vinnur sjálfstætt. Vinnur samkvæmt skipulagi stofnunar og ber ábyrgð á faglegum gæðum starfa sinna. Eftir a.m.k. þrjú ár í faggreininni er sjúkraþjálfarinn fær um að hafa með höndum umsjón hreyfiseðla.

Sjúkraþjálfari 3: Sjúkraþjálfari með a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu í faggreininni. Vinnur sjálfstætt. Tekur að sér flóknari verkefni í samræmi við reynslu, auk teymisvinnu. Hann er fær um að leiðbeina nýju starfsfólki og nemum. Er fær um að hafa með höndum umsjón hreyfiseðla. Er fær um að vera staðgengill yfirmanns á deild í fjarveru hans.

Sjúkraþjálfari 4: Sjúkraþjálfari sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum sem skilgreint er með erindisbréfi frá forstjóra. Verkefnin krefjast sérþekkingar, frumkvæðis og utanumhalds s.s. til starfa í heilsugæslu.

Deildarstjóri endurhæfingar: Er yfirmaður allra starfsmanna endurhæfingardeildar. Er einnig faglegur yfirmaður allra sjúkraþjálfara á þeirri deild sem hann er stjórnandi á. Ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri endurhæfingardeildar. Staða deildarstjóra felst í stjórnun, áætlunargerð og samhæfingu við stefnu stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á faglegri framþróun, vinnuskipulagi og daglegum rekstri. Hann metur fræðsluþörf samstarfsfólks og hefur frumkvæði að fræðslu. Hann ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni. Hann setur verkferla þar sem við á. Próar starfið og innleiðir nýjungar og er talsmaður fagsins út á við. Deildarstjóri vinnur auk þess að stefnumótun og framtíðarsýn Heilbrigðisstofnunar Austurlands ásamt starfsmönnum fagsins og stuðlar að virkri eftirfylgni.

5. Persónubundnir þættir

Sjúkraþjálfari getur fengið viðbótarnám og reynslu metna samkvæmt eftirfarandi ákvæðum. Sjúkraþjálfari sækir um hækkun á álagsþrepum til framkvæmdastjóra mannauðs. Ákvörðun um hækkun vegna viðbótarnáms og símenntunar byggir á innsendum gögnum. Ákvörðun um mat á starfsreynslu byggir á gögnum. Hækkun vegna mats á hæfni í vinnubrögðum byggir á mati framkvæmdastjóra lækninga og mannauðs.

a) Viðbótarmenntun

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntun þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi.

Námskeið (180 kennslustundir) eða 30 ECTS einingar - 1 þrep

Námskeið (360 kennslustundir) eða 60 ECTS einingar - 2 þrep

Meistaragráða umfram grunnám (90-120 ECTS einingar) - 4 þrep

Doktorspróf eða sambærilegt - 6 þrep

Hækkanir vegna viðbótarmenntunar ber að meta sem svo að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Sérfræðingur í sjúkraþjálfun með sérfræðileysi frá embætti landlæknis skal raðast 1 launaflokki hærra en ella.

b) Starfsreynsla sem sjúkraþjálfari

- Eftir 7 ár í starfi hjá HSA – 1 þrep
- Eftir 12 ár í starfi hjá HSA – 1 þrep
- Eftir 20 ár í starfi hjá HSA – 1 þrep

Alls er hægt að fá 3 þrep fyrir starfsreynslu sem sjúkraþjálfari.

Heimilt er að meta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan HSA

Hækkun umfram 8 þrep á láréttum ási: Starfsmaður, sem hefur áunnið sér hækkun vegna þátta í liðum 5. umfram 8 álagsþrep, færast í næstu launatölu næsta launaflokks fyrir ofan. Dæmi: 10.9 verður 11.7.

6. Tímabundin verkefni

Heimilt er að hækka starfsmann um allt að tvö þrep ef starf hans uppfyllir neðangreindar forsendur, enda hafi ekki verið tekið tillit til þeirra við grunnröðun eða greitt fyrir með öðrum hætti. Skilyrði er að verkefnið sé skilgreint í verkefnalýsingu og/eða erindisbréfi og staðfest af deildarstjóra/forstjóra. Slík verkefni skulu hafa upphaf og lokatíma þó ekki styttri en 3 mánuðir og ekki lengri en 24 mánuði í senn.

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Ábyrgð á að þróa, uppfæra og innleiða verkferla
- Starfsmaður stýrir föstu og reglulegu samstarfi / teymisvinnu innan HSA og/eða með stofnunum utan HSA.

7. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningsmál koma upp vegna röðunar starfsmanna í launaflokka samkvæmt samningi þessum skal ágreiningi vísað til samstarfsnefndar HSA og Félags sjúkraþjálfara.

8. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. mars 2022.

Frá sama tíma fellur úr gildi öll fyrri röðun í launaflokka, föst yfirvinna, röðun vegna menntunar og starfsreynslu svo og öll önnur sérákvæði.

Egilsstöðum, 13.12.2021

F.h. Heilbrigðisstofnunar Austurlands

Guðjón Hauksson

Svava I Sveinbjörnsdóttir

Emil Sigurjónsson

Pórarína Gró Friðjónsdóttir

F.h. Félags sjúkraþjálfara

Unnur Pétursdóttir

Berglind Erla Halldórsdóttir

Jóna Lind Sævarsdóttir

Póra Elín Einarsdóttir

Yvette Johanna Lau

Bókanir

Bókun 1

Enginn sjúkraþjálfari lækkar í launum við gildistöku þessa stofnanasamnings.

Bókun 2

Hækkun vegna viðbótarnáms, starfsaldurs og prófa taki gildi mánuði eftir að gögnum er skilað inn til launadeildar HSA.

Bókun 3

Heilbrigðisstofnun Austurlands leggur sjúkraþjálfurum til hentugan klæðnað einu sinni á ári. Samkomulag er um að við framvísun reiknings/reikninga frá söluaðila fatnaðar greiðast sjúkraþjálfara kr. 35.000 miðað við 100% starf, en hlutfallslega minna fyrir minna starfshlutfall.

Fylgiskjal

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun

Þegar sjúkráþjálfari þarf að skila inn gögnum vegna viðbótarnáms eða annarrar viðbótarmenntunar til yfirmanns skal senda eftirfarandi:

- 1) Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- 2) Ljósrit af skjali sem sagnar þátttöku viðkomandi.
- 3) Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: Sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- 4) Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- 5) Endurmat á nýrri launasetningu tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að námsgögnum hefur verið skilað inn og móttækin af yfirmanni.

Undirritunarsíða

Guðjón Hauksson

Svava I Sveinbjörnsdóttir

Emil Sigurjónsson

Þórunn Gró Friðjónsdóttir

Unnur Pétursdóttir

Berglind Erla Halldórsdóttir

Jóna Lind Sævarsdóttir

Þóra Elín Einarisdóttir

Yvette Johanna Lau